



Knattspyrnudeild Leiknis R.
Oscar Clausen, formaður
Helgi Óttarr Hafsteinsson, framkvæmdastjóri

Úrskurður: Ósæmileg framkoma þjálfara Leiknis R., mál nr. 11/2019

Reykjavík, 4. september 2019.

Á fundi Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 27. ágúst 2019 var tekin fyrir greinargerð sem framkvæmdastjóri KSÍ sendi til nefndarinnar þann sama dag, skv. 21. gr. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Fram kemur í greinargerð framkvæmdastjóra að málið varði ósæmilega framkomu Sigurðar Heiðars Höskuldssonar, þjálfara Leiknis R. í mfl. kk., í viðtali sem birtist á vefmiðlinum fotbolti.net, þann 24. ágúst 2019. Var um að ræða opinber ummæli Sigurðar sem eru að mati framkvæmdastjóra til þess fallin að skaða ímynd íslenskrar knattspyrnu og til þess fallin að draga í efa heiðarleika dómara í leik Þórs og Leiknis R. í Inkasso-deild karla, þann 24. ágúst sl.

Ummælin eru eftirfarandi:

„[...]Það sáu það allir á vellinum að þetta væri eitt glórulausasta atvik sem ég hef séð, þetta rauða spjald. Hann ætlar bara að taka leikinn af okkur og það er bara þannig, það er einhver línuvörðurinn hérna sem kallar þetta og það er bara einhver bekkjarfélagi hérna í skólanum eða eitthvað, pípari hérna á Akureyri og er að dæma þetta. Þetta er bara til háborinnar skammar.“

Greinargerðin var send til knattspyrnudeildar Leiknis R. og þeim gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum í málinu á framfæri við nefndina.

Á fundi nefndarinnar 3. september 2019 lá fyrir greinargerð sem barst nefndinni þann 2. september sl. frá Helga Óttari Hafsteinssyni, framkvæmdastjóra Leiknis R. Að henni virtri og öðrum fyrirleggjandi gögnum er það álit aga- og úrskurðarnefndar KSÍ að tilvitnuð opinber ummæli Sigurðar Heiðars hafi verið ósæmileg og hafi skaðað ímynd íslenskrar knattspyrnu. Samkvæmt þessu falla ummæli Sveins undir ákvæði 21. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Í samræmi við reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, grein 13.9.5, hefur brot á 21. grein í för með sér sekt að fjárhæð kr. 100.000,- en þó ekki lægri en kr. 50.000,- og/eða leikbann í tiltekinn fjölda leikja eða tímabundið.

Ákvað Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á fundi sínum 3. september 2019 að sekta knattspyrnudeild Leiknis R., um kr. 50.000,- vegna framangreindra opinberra ummæla Sigurðar.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ vill að lokum minna á nauðsyn þess að grein 1.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót verði í heiðri höfð, en þar segir: *Félög, iðkendur, forystumenn og aðrir skulu jafnan sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda. Þeir sem taka*

Þátt í starfi knattspyrnuhreyfingarinnar skulu leitast við að gera ekkert það sem til vanvirðu má telja fyrir íþróttina.

Samkvæmt grein 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Virðingarfyllt,
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson